

„Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál.“

Umsögn:

Frumvarpið er byggt á fölsuðum geðfræðikenningum, sem kallaðar hafa verið PAS. Þær eru byggðar á þeirri fullyrðingu, að mæður „inræti“ börnum sínum ósannindi og hatur á föður, að ósekju af hans hálfu. Höfundur þessara kenninga hét Richard Gardner, var geðlæknir að mennt (kallaði sig um tíma prófessor án þess að vera það)¹. RG var barnaníðingur og bjó til kenningarnar til að auðvelda sér sjáfum og síðar öðrum barnaníðingum, að níðast á börnum. RG svipti sig lífi er upp um hann komst.²

Þeir, sem trúá því, að mæður „tálmi“ (mæðrasektamiðað orð) á grundvelli þessara falskenninga halda því jafnframt fram, að feður tálmi ekki. Þeir vilja engin viðurlög við því ofbeldi, sem tíðkast hjá ofbeldisfeðrum (auðvitað ekki öllum feðrum) að beita, svo sem að skila ekki börnum heim eftir samverur, eyðileggja fatnað barna, skila ekki skólagögnum heim með börnunum, skelfa barnið, loka það inni, þeir fá ofsareiðköst, og beita margs konar öðru valdi. Orsakir framangreinds ofbeldis feðra, skv. þeim er trú á falskenningarnar og á að vera meint ofbeldi mæðranna gagnvart feðrum.

Athyglisvert í málflutningi stuðningsmanna fangelsunar mæðra er, að börnin sjálf virðast ekkert vægi hafa, þau hafi engin mannréttindi og þau séu ekki til sem aðilar máls. Í deilum um börn eru ekki bara tveir einstaklingar með full mannréttindi, heldur eru börnin augljóslega með full mannréttindi og fullgildir aðilar máls.

Það er varað við þessum falskenningum í greinargerð með ísl. barnalögum nr. 80/2002. Þrátt fyrir það trúá ýmsir héraendis á falskenningar þessar og mætti spyrja sig um orsakir þess og hver ávinningur sé af því að trúá á falskenningar.

Það er einnig varað við þessum falskenningum um mest allan hinn vestræna heim.

Í Bandaríkjunum var þessum falskenningum hafnað, dómaraþar hafa bannað að nota þær. Þá hefur bandaríska sálfræðingfélagið varað við þessum falskenningum.³

¹ Gunnar Hrafn Birgisson, sálfr. á Vísi, 2009

² Sjá internet, Richard Gardner

³ GHB, sálfr. á Vísi 2009

Á Íslandi hafa dómara oftast en ekki kveðið upp dóma vilhalla ofbeldismönnum sökum svo kallaðs skorts á sönnunum. Verði mæðrafangelsunarfrumvarp nr. 123 að lögum, er rökstudd ástæða til að ætla, að sönnunarbyrði verði lögð á þann veikasta í samhenginu, þ.e.a.s. börnin. Sérlega íþyngjandi fyrir mæður og börn. Eins og lög standa í dag er öll ábyrgð sett á mæður, varðandi það, að koma á og viðhalda umgengni. Því væri ástæða til að breyta og deila þeirri ábyrgð á báða foreldra í lögum.

Örfáar afleiðingar þess að hindra (tálma) samskipti móður og barns sem óumdeilanlega yrði, verði frv. 123 að lögum:

1. Börn þeirrar einu íslensku móður, sem fangelsuð hefur verið, hafa fyrr á þessu ári sent þingmönnum sitt mat á afleiðingum fangelsunar móður. Vísast til þess hér.

2. Sidsel Jensdatter Lyster, fyrsta konan, sem fangelsuð var í Danmörku fyrir að vernda dætur sínar fyrir ofbeldisföður hefur tjáð sig á íslensku árið 2017 ⁴.

Dr. Jens Lyster, er afi telpnanna, sem voru sviptar móður sinni með fangelsun hennar. Hann hefur skrifað alþingismönnum áður, er þetta fumv. var flutt. Gerir það hugsanlega einnig nú.

3. Þó nokkur dæmi, bæði á Norðurlöndum og á Íslandi eru um, að unglingar, sem hafa verið hindraðir í að hafa tengsl við móður, hafi svipt sig lífi. Hanne Barth, sem hafði verið neydd frá móður og látin deila rúmi með föður, hengdi sig upp úr fermingu. Dæmi hef ég fleiri, íslensk og erlend, en þau eru þagnarskyldumál. Ég þarf að afla heimilda aðstandenda ef ég ætti að geta sagt frá þeim.

Skýringar alvarlegra afleiðinga þess fyrir börn að vera svipt móður eru augljósar:

Af náttúrunnar hendi eru börn augljóslega tengdari móður frá upphafi meðgöngu. Því verðir seint breytt. Upphaflegu tengslin styrkjast við brjóstagjöf, sem rannsóknir seinni ára styðja og leiða ennfremur í ljós, að brjóstagjöf sé nær nauðsynleg fyrir þroska ónæmiskefis svo og andlegan þroska hvers einstaklings.

Lokaorð:

Hvernig getur hagsmunum barns verið borgið ef móðir er sett í fangelsi? Hvað með mæður, sem eiga börn með fleiri en einum manni, ef þær eru settar í fangelsi, hvers eiga þá þau börn þeirra feðra að gjalda?

⁴ Vikan, 28. tölubl. 79. árg. 20. júlí. 2017.

Ég hvet alþingismenn til að draga til baka eða fella frumvarp 123 og að því loknu hætta að leggja fram barnskemmandi og mæðrasakfellandi breytingartillögur við barnalög/barnaverndarlög. Slikt er brot á jafnræðisreglu Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og er sérlega íþyngjandi fyrir mæður og börn.

Börn eru ekki dauðir hlutir, sem foreldrar geta skipt á milli sín.



Þórey Guðmundsdóttir,

fv. sáttamaður sýslumanna (verktaki hjá Dómsmálarn.),
viðurk. handleiðari,
lögg. félagsráðgjafi,
prestur.